

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 19/2001

frá 23. febrúar 2001

**um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 97/2000 frá 27. október 2000⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/39/EB frá 8. júní 2000 um gerð fyrstu skrár um leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi við framkvæmd tilskipunar ráðsins 98/24/EB um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda á vinnustað⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/39/EB fellir úr gildi frá 31. desember 2001 tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/94/EB frá 18. desember 1996 um að taka saman aðra skrá yfir leiðbeinandi viðmiðunarmörk til framkvæmdar á tilskipun ráðsins 80/1107/EBE um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna efna-, eðlis- og líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum⁽³⁾ sem er hluti af samningnum og ber því að fella brott úr honum.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 16i (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/92/EB) í XVIII. viðauka við samninginn:

⁽¹⁾ Stjt.íð. EB L 7, 11.1.2001, bls. 25 og EES-viðbætur við Stjt.íð. EB nr. 2, 11.1.2001, bls. 14.

⁽²⁾ Stjt.íð. EB L 142, 16.6.2000, bls. 47.

⁽³⁾ Stjt.íð. EB L 338, 28.12.1996, bls. 86.

„16j. **32000 L 0039:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/39/EB frá 8. júní 2000 um gerð fyrstu skrár um leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi við framkvæmd tilskipunar ráðsins 98/24/EB um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda á vinnustað (Stjtið. EB L 142, 16.6.2000, bls. 47).“

2. gr.

Texti liðar 3b (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/94/EB) í XVIII. viðauka við samninginn falli niður með gildistöku frá 31. desember 2001.

3. gr.

Texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/39/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. febrúar 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

